

62. þing Sundsambands Íslands
Efstaleiti 7, Reykjavík
24. og 25. mars 2017

Þingskjal nr: 2017 - 11

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

samþykkir meðfylgjandi tillögur til breytinga á lögum sambandsins. (ath! Breytingar einkenndar með rauðu og yfirstrikunum) Tillöguflutjandi er Sundfélag Hafnarfjarðar.

7. grein

Dagskrá sundþings er:

1. Þingsetning – ávörp gesta.
2. Kjör kjörbréfanefndar.
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar.
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.
6. Kosning starfsnefnda þingsins.
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laga- og leikreglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
 - d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar.
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.
10. Afgreiðsla reikninga.
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.
13. Nefndastörf.
14. Fjárhagsáætlun -afgreiðsla.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna.
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.
17. Kosningar.
 - a) Kosning formanns til ~~fjögurra ára á næsta sundþingi~~ **eftir Ólympíuleika.**
 - b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
 - c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings
 - d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál.
19. Þingslit.

10. grein

Stjórn SSÍ skal skipuð níu mönnum sem allir eru kosnir til fjögurra ára í senn, auk þeirra eru tveir varamenn kosnir hverju sinni. Falli kjörinn stjórnarmaður frá eða hætti störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans fram að næsta sundþingi á eftir og skal það sundþing kjósa mann í staðinn til loka þess kjörtíma sem eftir var. Kosningu skal hagað þannig að á ~~næsta~~ **eftir Ólympíuleika** sundþingi er formaður kosinn í beinni kosningu til ~~fjögurra~~ **tveggja** ára og 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Kosið er um tvo varamenn á hverju sundþingi. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð þar sem sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjórn, daglegan rekstur og fjalla um þau erindi sem berast. Formaður boðartil funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga, en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild

Greinargerð:

Engin greinargerð fylgir tillögunni